

Reykjavík, 3. mars 2024

Til Kennslumálasjóðs Háskóla Íslands

Undirrituð fékk styrk úr Kennslumálasjóði árið 2022 til að vinna að verkefninu: *Fjarnám í frönsku - 30e diplómanám í frönsku í alþjóðasamskiptum*. Vinnu við verkefnið, eins og það var skilgreint upphaflega, er lokið og diplómaleiðin verður í boði í fyrsta sinn í kennsluskrá HÍ 2024-2025:

https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820366_20246&kennsluar=2024

Í ljós kom að fjölga þurfti einingum í námsleiðinni úr 30 í 60 í samræmi við nýjar áherslur HÍ um örnámsleiðir, og einnig að námsleiðina þurfti að leggja fyrir Háskólaráð áður en hægt var að setja hana í kennsluskrá undir heitinu: Grunndiplóma í frönsku í alþjóðasamskiptum (60e). Kennsluvið HÍ fór yfir tillöguna á haustmisseri 2023 og gerði gagnlegar athugasemdir sem unnið var úr (sjá meðfylgjandi lokaútfærslu tillögunnar). Háskólaráð samþykkti svo tillöguna í þeirri mynd sem hún er nú í kennsluskrá skólans.

Styrknum frá Kennslumálasjóði var skipt jafnt á milli kennaranna sem komu að verkefninu enda hafði hver þeirra umsjón með einu námskeiði. Kennarahópurinn vann saman að öllum undirbúningi og útfærslu námskeiðanna á löngum vinnufundum. Við sóttum námskeið um fjarkennslu og áttum góða fundi með sérfræðingum Kennslumiðstöðvar og bárum lýsingar á námskeiðum og kennslufyrirkomulag undir þá.

Styrkurinn varð okkur hvatning til þess að hefja strax vinnu við verkefnið og af því leiddi að hægt var að setja námskeiðin fjögur sem mynda kjarna nýju námsleiðarinnar inn í kennsluskrá H.Í. 2023-2024 sem valnámskeið í BA-námi í frönsku og sem hluta af kjörsviði í greininni. Tvö námskeið voru kennd á haustmisseri 2023 og tvö á vormisseri 2024. Sérverkefnið er opið á báðum misserum. Við höfum aðgang að Canvas-síðum hvers annars og getum fylgst með námsefni, framvindu og framsetningu. Þessi kennslureynsla gerir okkur kleift að endurskoða og bæta námskeiðin og það fyrirkomulag sem lagt var upp með. Ákveðið hefur verið að bjóða upp á námskeiðin bæði í staðnámi og fjarnámi næsta skólaár, að einfalda námsmat hjá fjarnemum og að fjölga umræðufundum í rauntíma enda fer kennsla fram á frönsku og talþjálfun mikilvæg. Í lok misseris verður næsti vinnufundur kennarahópsins sem mun halda áfram að bera saman bækur sínar og vinna að endurbótum á námsleiðinni.

Með innilegri þökk fyrir stuðning við verkefnið.

Virðingarfyllst,



Ásdís R. Magnúsdóttir,
greinarformaður og prófessor í frönsku máli og bókmenntum

Tillaga að nýrri fjarnámsleið á BA-stigi: Diplómanám í frönsku í alþjóðasamskiptum 60e

Inngangur

Franska er fyrsta erlenda lifandi tungumálið sem kennt var við Háskóla Íslands. Lengi vel fengu nemendur í framhaldsskóla góðan grunn í tungumálinu sem gerði Háskóla Íslands kleift að taka inn nemendur á stiginu B1 skv. Evrópska tungumálarammanum (<https://www.coe.int/en/web/common-european-framework-reference-languages/table-3-cefr-3.3-common-reference-levels-qualitative-aspects-of-spoken-language-use>).

Miklar breytingar hafa orðið á samsetningu náms á framhaldsskólastigi á undanförunum árum og dregið hefur úr kennslu 3. máls. Nú er franska aðeins kennd í 12 framhaldsskólum á landinu. Af því leiðir að æ færri nemendur velja – eða eiga kost á að velja – frönsku sem 3. eða 4. mál í námi til stúdentsprófs. Af þeim sökum hafa inngangsviðmið í BA-nám í frönsku verið lækkuð úr B1 í A2, sem gerir það að verkum að breyta hefur þurft innihaldi, viðmiðum og áherslum í öllum námskeiðum greinarinnar á BA-stigi.

Undanfarin ár hefur verið boðið upp á 60e grunndiplóma í frönsku og fleiri tungumálum á BA-stigi til þess að gera tungumálanám aðgengilegra, brúa bilið milli framhaldsskólans og HÍ, og, ekki síst, fjölga nemendum í viðkomandi greinum. Grunndiplóma samsvarar að mestu leyti 1. ári í BA-námi og nemendur fá öll námskeið metin inn í BA-nám ef þeir ákveða að halda áfram. Frá og með kennsluárinu 2024-2025 verður hægt að ljúka grunndiplóma í frönsku í fjarnámi.

Greinin telur æskilegt að bregðast við breyttu viðhorfi og aðstæðum til tungumálanáms með því að efla enn frekar framboð á stuttum námsleiðum í frönsku og að bjóða jafnframt upp á fjarnámsleiðir. Í stefnu Háskóla Íslands, HÍ26 er rík áhersla lögð á gæði og kennsluþróun. Þar er sérstaklega minnst á þróun fjarnáms, sbr.: „Fjarnám verður eftir sérstaklega og gæðaviðmið fyrir það verða skilgreind. Styðja á sérstaklega við deildir við þróun námsleiða í fjarnámi og gera framboð slíks náms sýnilegra.“

Franska er ein af fámönnum greinum Hugvísindasviðs. Til þess að fjölga nemendum í námskeiðum á 2. og 3. ári vill greinin nú bjóða upp á fjarnámsleið: 60e diplómanám í Frönsku í alþjóðasamskiptum. Námið er í boði sem kjörsvið í grunndiplómu og aukagrein í BA-námi frá og með kennsluárinu 2023-2024. Greinin telur að diplómanám af þessum toga muni höfða til þeirra sem hafa áhuga á að efla frönskukunnáttu sína og þekkingu á stöðu frönskunnar og Frakklands á alþjóðavettvangi, sem og í starfi alþjóðastofnana. Miðað er við að nemendur séu á færnistigi B2 þegar þeir hefja nám, sem samsvarar færnistigi á 2. ári BA-náms í frönsku.

Ekki er gert ráð fyrir að nemendur í 60e námi við HÍ geti nýtt sér möguleika á skiptinámi (skv. staðfestum upplýsingum Alþjóðasviðs HÍ). Ef svo væri hefði franskan hug á að bjóða

nemendum námsleiðarinnar þann möguleika að taka 30e af diplómanáminu við Sciences Po háskólann í París, eða við annan erlendan háskóla sem býður upp á sambærilegt nám, hvort sem er í fjarnámi eða í staðnámi. Franskan telur að þessi möguleiki myndi enn fremur gera diplómaleiðina að áhugaverðum kosti fyrir nemendur. Einnig væri æskilegt að efna til samstarfs við stjórn málafræði innan HÍ um að nemendur geti tekið allt að 30e í námskeiðum þeirra sem valnámskeið innan námsleiðarinnar. Þar er heldur ekki boðið upp á fjarnám og því hafa sérfræðingar hjá kennslumiðstöð ekki mælt með þeirri leið, heldur undirstrikað að fjarnám skuli eingöngu vera fjarnám. Þennan möguleika þyrfti að kanna nánar og útfæra í samráði við sérfræðinga kennslumiðstöðvar. Það á einnig við um möguleika á starfsnámi í tengslum við námsleiðina, t.d. hjá utanríkisþjónustunni.

Áhugi á fjarnámi hefur verið til staðar um árabíl og kennarar í greininni hafa kynnt sér fjarnám í frönsku við sænska og franska háskóla. Við undirbúning þessarar nýju námsleiðar var einnig horft til háskóla sem bjóða upp á nám í stjórn málafræði, alþjóðasamskiptum, o.fl., í Bretlandi og þó einkum í Frakklandi þar sem m.a. var fundað með fulltrúum Sciences Po háskólans í París, Cécile Marin og Andreas Roessner, sem bæði starfa á alþjóðasviði skólans. Námsleiðin var kynnt fyrir núverandi sendiherra Íslands í París, Unni Orradóttur Ramette, og Lilju Björk Stefánsdóttur, aðstoðarmanni sendiherra. Þær fögnuðu því að bæta ætti úr brýnum skorti á frönskumenntun fyrir fólk í utanríkisþjónustunni og hjá alþjóðastofnunum. Drög á ensku voru send Guillaume Bazard, sendiherra Frakklands á Íslandi, og Renaud Durville, menningarfulltrúa í sendiráði Frakklands á Íslandi, og voru viðbrögð afar jákvæð. Sendiherrann kom með ábendingar varðandi utanríkisstefnu franskra stjórnvalda sem verður tekin til athugunar. Stjórn Félags frönskukennara á Íslandi, þar á meðal Svanhildur Snæbjörnsdóttir formaður, fékk drögin til umsagnar og sendi stjórnin frá sér eftirfarandi umsögn: „Stjórn félags frönskukennara hefur kynnt sér áform um nýja námsleið, diplómanám í frönsku í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands, og telur að námið sé mikilvæg viðbót við það nám í frönsku sem nú þegar er boðið upp á. Nýja námsleiðin býður upp á frönskunám á breiðari grundvelli og stjórn félags frönskukennara telur líklegt að námsleiðin sem kennd er í fjarnámi muni höfða til fólks sem er nú þegar komið út í atvinnulífið og hefur áttað sig á mikilvægi þess að halda við og bæta við frönskukunnáttu sína í störfum sínum.“

Kennslumálasjóður HÍ veitti styrk til undirbúnings námsleiðarinnar árið 2022 og greinarformaður hefur haldið utan um þróun hennar og þeirra námskeiða sem koma til með að verða hluti af diplómanáminu. Sérfræðingar hjá Kennslumiðstöð HÍ hafa veitt leiðsögn varðandi nýjungar, áherslur og gæðaviðmið í fjarnámi á námskeiðum og fundum, og sérstakt námskeið var haldið með kennarahópnum í ágúst 2023 þar sem farið var yfir skipulag námskeiðanna og möguleika sem fjarnám býður upp á. Námsleiðin var kynnt fyrir nemendum í frönsku haustið 2022 og hún verður kynnt aftur á vormisseri 2024. Námsleiðin hefur einnig verið kynnt óformlega innan Mála- og menningardeildar. Æskilegt væri að Markaðs- og kynningar svið HÍ tæki þátt í kynningu á námsleiðinni.

Nýmæli námsleiðarinnar felast í að bjóða upp á 60e fjarnámsleið sem tekur mið af þörfum samfélagsins og breyttum aðstæðum til tungumálanáms, og sem endurspeglar áherslur HÍ um fjarnám. Sambærileg námsleið er ekki til staðar innan HÍ.

Ákveðið var að diplómanámið yrði á sviði alþjóðasamskipta vegna stöðu Frakklands og franskur tungu í þeim málaflokki. Frakkland gegnir mikilvægu hlutverki í alþjóðasamskiptum og -samstarfi sem eitt af fjölmennustu löndum Evrópubandalagsins og sem fyrrverandi nýlenduveldi. Franska er mikilvægt tungumál innan alþjóðastofnana (UNESCO, SP, EB, Evrópuráðið, OECD, Rauði krossinn, o.fl.) og í evrópsku efnahags- og stjórnmálasamstarfi.

Alþjóðastofnanir á Íslandi hafa iðulega haft samband við námsgrein franskra fræða í leit að frönskumælandi einstaklingum til þátttöku í hjálpar- og þróunarstarfi. Einnig hafa starfsmenn í utanríkisþjónustu bent á mikilvægi frönskukunnáttu. Tungumálakunnátta er ekki síður nauðsynleg í viðskiptum landa á milli og ferðaþjónustu og getur veitt aðgang að framúrskarandi mennta- og menningarstofnunum í frönskumælandi löndum eða landsvæðum.

Vonast er til að nýtt diplómanám í Frönsku í alþjóðasamskiptum geti bætt úr þörf fyrir aukna þekkingu á frönsku máli og notkun þess á alþjóðlegum vettvangi.

Heiti námsleiðar: Franska í alþjóðasamskiptum

Námsstig: Grunnám

Prófgráða: Diplóma

Fjöldi eininga: 60 ECTS

Lengd náms: eitt ár (má taka á tveimur árum)

Tilhögun náms: Diplómanám á einu ári. Einnig hægt að taka sem kjörsvið í aukagrein til BA-prófs.

Kennslumál: Franska

Aðgangskröfur: Íslenskt stúdentspróf eða sambærilegt próf úr erlendum skóla. Miðað er við að færni nemanda í frönsku sé B2.

Meginmarkmið og viðfangsefni

Í diplómanámi í frönsku í alþjóðasamskiptum er fjallað um stöðu frönskunnar í alþjóðlegu samhengi og notkun hennar í alþjóðlegu samstarfi og hjá alþjóðastofnunum og -samtökum

(Rauði krossinn, UNESCO, Sameinuðu þjóðirnar, Evrópuráðið, OECD, o.fl.). Rakin er saga frönsku sem alþjóðlegs tungumáls (heimsmáls) og áhrifasvæðis frönskunnar utan frönskumælandi landa Evrópu (*La francophonie*). Fjallað er um Evrópusamstarf, franskt stjórnkerfi, samfélag og menningu, og samskiptasögu Íslands og Frakklands á sviði menningar, stjórn mála og viðskipta. Nemendur hljóta munnlega og skriflega þjálfun í notkun frönsku innan alþjóðastofnana og í alþjóðasamskiptum og taka þátt í umræðum í rauntíma.

Diplómanámið samanstendur af tíu 6e fjarnámskeiðum:

- 5 skyldunámskeiðum
- 5 valnámskeiðum

Í upphafi náms er haldinn staðfundur með nemendum þar sem farið er yfir hvað felst í að stunda fjarnám og námsfyrirkomulag kynnt.

Þekking, hæfni og leikni

Þekking:

Við útskrift hefur nemandi þekkingu á:

- hugtökum, sögu og starfsemi alþjóðlegra stofnana, Evrópusambandsins, Evrópuráðsins og SP;
- frönsku stjórnkerfi og samfélagsbyggingu á 20. og 21. öld;
- stöðu og hlutverki frönsku sem alþjóðlegs tungumáls og *La francophonie*;
- helstu vörðum í samskiptasögu Íslands og Frakklands.
- franskri nýlendusögu og áhrifasvæðum;
- stöðu Frakklands í alþjóðlegu samhengi.

Leikni

Við útskrift getur nemandi:

- skilið og notað frönsku í alþjóðasamstarfi og samskiptum milli menningarheima, í mæltu máli og rituðu;
- fjallað um og miðlað efni námsleiðarinnar á skipulegan og skilmerkilegan hátt í mæltu máli og rituðu;
- undirbúið og tekist á við verkefni og úrlausnarefni sem varða námsleiðina;
- fundið og notað gögn;
- lýst niðurstöðum og fræðilegri umfjöllun.

Hæfni

Við útskrift getur nemandi:

- tekist á við frekara nám í frönsku eða alþjóðasamskiptum;
- sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum;
- hagnýtt þekkingu sína, leikni og hæfni í starfi á fagsviðinu

- unnið með öðrum að verkefnum á fagsviðinu.

Námskröfur

Til að ljúka diplómanáminu þarf nemandi að ljúka 30e í kjarnanámskeiðum og 30e í valnámskeiðum sem tilgreind eru í kennsluskrá.

Samstarfsaðilar

Áhugi er á samstarfi við stjórn málafræði en skilyrði fyrir samstarfi er að boðið sé upp á fjarnám í greininni, eða í einstökum námskeiðum. Þau námskeið myndu þá falla undir valnámskeið. Einnig kemur til greina að efna til samstarfs við erlenda háskóla og verður sá möguleiki kannaður frekar.

Sambærilegt nám í öðrum háskólum

Við gerð námsleiðarinnar var leitað að sambærilegu námi í öðrum háskólum. Oftast er boðið upp á BA-námsleið þar sem frönskukennsla er fléttuð við námskeið í alþjóðasamskiptum og stjórn málafræði (stundum alþjóðaviðskiptum).

Hér eru nokkur dæmi:

-University of Birmingham, BA in International Relations with French:

<https://digital.ucas.com/coursedisplay/courses/ebd091fc-feca-0c32-4609-69b5d41ef4d3?backUrl=https:%2F%2Fwww.ucas.com%2Fexplore%2Frelated%2F1d61dc76-ba6e-c6af-6cc0-879c71b5db5c>.

-University of Westminster, BA in French and International Relations:

<https://www.westminster.ac.uk/languages-politics-and-international-relations-courses/2024-25/september/full-time/french-and-international-relations-ba-honours>

-Swansea University, BA in International Relations - French:

<https://www.swansea.ac.uk/undergraduate/courses/social-sciences/politics-philosophy-international-relations/ba-international-relations-french/>

-University of London, BA in French Studies with International Relations:

<https://www.london.ac.uk/institute-in-paris/study/undergraduate-degree-courses/ba-french-studies-and-international-relations>

-University of Warwick, BA in Politics, International Studies and French:

<https://warwick.ac.uk/study/undergraduate/courses/politicsinternationalfrench/>

Einnig má finna einstök námskeið sem tengjast efni námsleiðarinnar, t.d.

-EU-studies in French við Linnæus University í Svíþjóð

<https://lnu.se/en/course/eu-studies-in-french/distance-exchange-part-time-french-spring/>

-French for International Affairs við American University of Paris

<https://catalog-2023-2024.aup.edu/course/fr3028>

-Námskeið við Sciences Po eru mörg hver ætluð erlendum nemum og tengja nám í frönsku við málaflokka sem falla undir störf eða rannsóknir á alþjóðavettvangi.

-Einnig má nefna námskeið við CCI (Chamber of Commerce and Industry) í Frakklandi, sem áhugavert væri að hafa til hliðsjónar, sjá <https://www.lefrancaisdesaffaires.fr/en/tests-diplomas/diplomas-dfp/international-relations/>

Aðgangur að frekara námi og starfsréttindi

Að loknu diplómanáminu getur nemandi fengið FRA-námskeið metin sem hluta af BA-námi í frönskum fræðum. Diplómanámið má einnig meta sem kjörsvið í aukagrein í BA-námi. Einnig verður hægt að fá 60e aukagreinina metna inn með 120e aðalgrein til BA-prófs, bæði innan Hugvísindasvið og utan. 60e grunndiplóma gefur ekki starfsréttindi frekar en annað nám á BA-stigi í greininni en námið er hagnýtt og ætti að koma að góðum notum í utanríkisþjónustu og alþjóðasamskiptum og námi/starfi sem tengist þessum sviðum.

Námskeið

30e kjarni:

FRA115G Samfélag, stjórnmal og menningarläsi 6e

Kennari: Guðrún Kristinsdóttir, stundakennari

Farið verður yfir samfélagsgerð og stjórnskipulag í Frakklandi. Fjallað verður um helstu kaflaskipti í frönskum stjórnmalum á 20. og 21. öld, með áherslu á samtímann. Í tengslum við stjórnmalasöguna verða kynntar hefðir í mælskulist og dæmi tekin úr nokkrum lykirlæðum stjórnmalamanna og -kvenna á öldinni og þær settar í sögulegt og hugmyndafræðilegt samhengi. Fjallað verður um hugtakið *laïcité* (aðskilnað ríkis og kirkju) í sögulegu samhengi og í tengslum við fjölmenningu nútímans. Þá verður stiklað á stóru á nokkrum einkennum franskar menningar og samfélags, fjallað um franskan vinnumarkað, siði, málnotkun og samskiptavenjur í daglegu lífi. Áhersla verður lögð á að nemendur öðlist færni í að taka þátt í umræðum á frönsku og að þeir geti beitt sérhæfðum orðaforða sem nýtist í alþjóðasamstarfi í ræðu og riti. Námsfni samanstendur af bókarköflum, blaðagreinum, fréttapistlum og heimildarþáttum í sjónvarpi og útvarpi auk sértækra orðaforðaæfinga.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu eiga nemendur að

- þekkja helstu innviði og stofnanir í franskri stjórnsýslu
- þekkja helstu einkenni og sögulega þróun franskra stjórn mála á 20. og 21. öld, með áherslu á samtímann
- geta sett helstu einkenni franskra samfélagsgerðar og þróunar hennar á 20. og 21. öld í alþjóðlegt samhengi.
- geta fjallað um efni námskeiðsins í skriflegum og munnlegum verkefnum (B2-C1).

FRA217G Franska á alþjóðavettvangi 6e

Kennari: Rósa Elín Davíðsdóttir, aðjúnkt

Franska er opinbert tungumál og vinnutungumál margra alþjóðlegra stofnana ásamt ensku. Auk þess er franska það tungumál sem mest er notað, á eftir ensku, í utanríkissamstarfi fyrir utan að vera fimmta mest talaða tungumálið í heiminum.

Í námskeiðinu verður farið yfir ástæður þess að franska náði útbreiðslu sem heimsmál og er notuð í dag í alþjóðastofnunum á borð við Sameinuðu þjóðirnar, UNESCO, Rauða krossinn, sem og í Evrópuráðinu og Evrópusambandinu. Jafnframt verður sjónum beint að mál- og menningarstefnu Frakklands og áhrifum hennar á fyrrum franskar nýlendur Frakklands. Áhersla verður lögð á að nemendur öðlist færni í að taka þátt í umræðum og rökræðum á frönsku og að þeir geti beitt sérhæfðum orðaforða sem nýtist í alþjóðasamstarfi bæði í ræðu og riti. Unnið verður með blaðagreinar, fréttapistla og fréttar-/heimildarþætti (í sjónvarpi, útvarpi, á samfélagsmiðlum).

Hæfniviðmið:

Að loknu námskeiði eiga nemendur að geta:

- rakið ástæður þess að franska náði útbreiðslu sem tungumál alþjóðlegra stofnana;
- gert grein fyrir hlutverki frönsku í alþjóðasamskiptum;
- útskýrt hlutverk og starfssemi helstu alþjóðlegra stofnana þar sem franska er notuð;
- beitt orðaforða og orðalagi á sviði alþjóðsamskipta í skriflegum og munnlegum verkefnum;
- greint orðræðu um stöðu frönskunnar og dregið saman greinar og ræður;
- tekið þátt í umræðum og rökræðum á frönsku um efni námskeiðsins (B2-C1 skv. Evrópska tungumálaráttmálinum).

FRA114G - Hinn frönskumælandi heimur – La francophonie 6e

Kennari: François Heenen, aðjúnkt

Farið verður yfir sögulegar og pólitískar skýringar þess að franska hefur verið/er töluð víða um heim. Fjallað verður um samfélagsleg áhrif þess og viðhorf málnotenda til tungumálsins. Einnig verður fjallað um áskoranir sem felast í því að nota frönsku sem menntunarmál í

fjöltungdum samfélögum. Framtíð tungumálsins og samkeppni við önnur heimsmál eins og ensku eða arabísku verður einnig skoðuð. Horft verður til eftirtalinna svæða: Belgía, Fílabeinsströndin, Senegal, Malí, Rwanda, Haítí, Marokkó, Alsír, Kanada.

Hæfniviðmið:

Að námskeiði loknu hefur nemandi:

- góða innsýn í stöðu frönskunnar almennt í heiminum
- góðan skilning á helstu sögulegum atburðum sem leiddu til alþjóðlegrar útbreiðslu frönskunnar
- góðan skilning á stöðu frönsku sem alþjóðlegu tungumáli
- góðan skilning á helstu máltilbrigðum frönskunnar í Kanada, Belgíu, Haiti og í nokkrum löndum Afríku.
- færni til að fjalla um efni námskeiðsins í mæltu máli og rituðu (B2-C1 skv. Evrópska tungumálarammanum).

FRA218F Samskiptasaga Íslands og Frakklands 6e

Kennari: Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor

Samskiptasaga Íslendinga og Frakka nær langt aftur í aldir og á sér marvíslegar birtingarmyndir. Menningarleg samskipti landanna tveggja eiga rætur á miðöldum þegar franskar bókmenntir í norrænum þýðingum voru varðveittar í íslenskum handritum. Franskir sjómenn stunduðu veiðar við Ísland um þriggja alda skeið og nærvera þeirra hafði umtalsverð áhrif á íslenskt samfélag. Í námskeiðinu verður lögð áhersla á helstu vörður í samskiptum landanna tveggja á sviði menningar, menntunar, viðskipta og stjórn mála í samtímanum. Fjallað verður um ímynd Íslands og Norðursins í Frakklandi en íslenskar bókmenntar njóta mikilla vinsælda meðal franskra lesenda.

Að námskeiði loknu á nemandi að geta:

- gert greint fyrir helstu vörðum í samskiptum Íslands og Frakklands á sviði menningar, menntunar, viðskipta og stjórn mála;
- fjallað um efni námskeiðsins í skriflegum og munnlegum verkefnum;
- dregið saman greinar og texta um efni námskeiðsins;
- tekið þátt í umræðum á frönsku um efni námskeiðsins (B2-C1).

FRA021G Sérverkefni – Franska í alþjóðasamskiptum 6e

Í boði á haust- og vormisseri.

Verkefnið er unnið í framhaldi af einu af fjórum skyldunámskeiðum diplómaleiðarinnar og skal viðfangsefnið vera á afmörkuðu sviði sem tengist áherslum námskeiðsins og áhugasviði

nemandans. Nemandi vinnur undir leiðsögn kennara og fær tækifæri til að dýpka þekkingu sína á viðfangsefninu.

Hæfniviðmið:

Í lok námskeiðs eiga nemendur að hafa öðlast:

- þekkingu á afmörkuðu sviði sem tengist alþjóðasamskiptum og efni námsleiðarinnar;
- orðaforða á því sviði sem þeir hafa valið og færni til að beita honum munnlega og skriflega;
- þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum.

30e val:

FRA319G Franskt samfélag III – Franska, fjöltyngi og fjölmennning í Frakklandi 6e

FRA305G Frönsk málfræði III 6e

FRA405G Frönsk málfræði IV 6e

FRA203G Saga Frakklands 6e

FRA113G Þýðingar I 6e

FRA323G Þýðingar II 6e

FRA431G Notkun tungumálsins 6e

FRA438G Talfærninámskeið í Frakklandi 6e

FRA214G Franskar bókmenntir og menning 6e

FRA324G Franskar samtímabókmenntir og kvennabarátta 6e

FRA430G Sérverkefni í frönsku 6e

Umsjónaraðili

Ásdís Rósa Magnúsdóttir, greinarformaður, prófessor í frönsku

Fyrirhugað kennaralið 2024-2025

Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor

François Heenen, aðjúnt

Guðrún Kristinsdóttir, stundakennari

Rósa Elín Davíðsdóttir, aðjúnt

Aðgengi að aðstöðu, o.fl.

Fyrirlestrar verða teknir upp í stúdíói Kennslumiðstöðvar í Setbergi.

Aðstaða og tækjabúnaður er fyrir hendi.

Markhópur

Námið er ætlað þeim sem vilja efla getu sína og færni í frönsku máli, munnlega og skriflega, og fá þekkingu á stöðu frönskunnar í alþjóðasamstarfi og innan alþjóðastofnana. Færniþjálfun er B2.

Áætlaður nemendafjöldi

10-15 nemendur árlega.

Þörf fyrir námið

Nauðsynlegt að mæta þörf fyrir fleiri frönskumenntaða Íslendinga þar sem dregið hefur úr kennslu tungumálsins í framhaldsskólum. Námið er hagnýtt og getur orðið til þess að vekja áhuga á alþjóðlegu samstarfi, eða styðja við þá einstaklinga sem nú þegar starfa á þeim vettvangi. Náminu er einnig ætlað að fjölga nemendum í námskeiðum greinarinnar til þess að bæta rekstrargrundvöll hennar.

Áætlaður kostnaður

Fjögur 6e námskeið og eitt 6e sérverkefni mynda kjarna fjarnámsleiðarinnar.

Tvö námskeiðanna hafa verið kennd sem valnámskeið í BA-námi greinarinnar (FRA114G, FRA217G). Þau voru tekin til endurskoðunar og í framhaldinu voru lögð drög að tveimur nýjum námskeiðum og sérverkefni. Sú vinna var fjármögnuð með styrk frá Kennslumálasjóði 2022.

Námskeiðin fjögur verða í boði sem valnámskeið á 2. og 3. ári BA-náms í frönskum fræðum. Þess má geta að námskeiðum í greininni hefur fækkað umtalsvert undanfarin ár og áratugi. Alla jafna hefur námsframboð í greininni takmarkast við 60e á misseri, eða tíu 6e námskeið fyrir alla nemendur greinarinnar, óháð námsleiðum og námsstigi. Það verður því enginn aukakostnaður við námsleiðina í formi námskeiða og kennslu þar sem þau koma inn sem hluti af þeim valnámskeiðum sem greinin getur boðið upp á í BA-námi í frönskum fræðum á hverju námsári. Kostnaður við nýju námskeiðin tvö er hefðbundinn skv. vinnustundamati Hugvísindasviðs fyrir 6e námskeið sem reiknaður er út frá fjölda nemenda og kennslukrafti. Kostnaður við 6e sérverkefni eru 12 vinnustundir og fer einnig eftir því hver tekur að sér að leiðbeina nemandanum. Það verður ákveðið út frá efni sérverkefnisins og greitt skv. vinnustundamati Hugvísindasviðs. Notast verður við tækjabúnað Kennslumiðstöðvar og þjónusta fræðasviðs verður með hefðbundnum hætti. Tekjur koma á móti með þreyttum einingum.

Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009:

Engu þarf að breyta í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 (109. gr.) þar sem franska í alþjóðasamskiptum verður ekki í boði sem BA-gráða heldur einungis grunndiplóma og sem kjörsvið í aukagrein.